

3 húsnaði, og fóður handa einni kú væri ólöglega veittar, en þótt eftirstöðvarnar, 37 kr., væri ólöglegur fátækrastrýkur, þá hefði verið dregið um nálægt ár, að tilkynna framfærsluhreppnum þessa styrkveitingu, og þessvegna hefir hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi neitað að sinna kröfunni.

Þar sem nú hreppsnefndin í Neshreppi innan Ennis eigi tilkynnti sýslumanni sínum, að byrjað væri að veita Tómasi Jónssyni styrk rjett eptir fardega, fyr en 18. des. 1900, og hún þannig hefir eigi í tæka tíð sent tilkynning um hina umræddu styrkveiting, sem eigi stóð í sambandi við styrkinn, er veittur hafði verið Tómasi í Staðarsveit, eða var áframhald af honum, sbr. meðal annars brjef landshöfðingja 10. marz 1888 (Stjórnartíðindi 1888, B. bls. 57—58), er jeg yður samdóma um, að Neshreppur innan Ennis hafi fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds á þessari kröfu sinni.

Amtið úrskurðar því hjermeð, að hreppsnefndin í hinum forna Dyrhólahreppi greiði til hreppsnefndarinnar í Staðarsveit 49 kr. 70 a., en skuli vera laus við að greiða nokkurt endurgjald á framlagi Neshrepps innan Ennis með Tómasi Jónssyni.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í hinum forna Dyrhólahreppi, og skal eg jafnframt skora á yður, að annast um, að hún greiði þegar fyrnefndar 49 kr. 70 a., sem þjer sendið sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

4 **Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um breyting á lántökuleyfi handa Tröllatunguprestakalli.** — Eptir móttöku **23. jan.** brjefs yðar, herra amtmaður, og yðar. herra biskup, dagsetts 15. þ. m., vil jeg fallast í það, að breytt sje skilyrðunum í brjefi mínu 11. apríl 1900 um lántökuleyfi handa Tröllatunguprestakalli, þannig að lánið megi taka, þó að vextirnir nemi meiru en 4% árlega, og að taka megi allt lánið í einu lagi, þó með því skilyrði, að aðeins helmingurinn útborgist lántakanda, þegar er lánið verður tekið, en hinn helmingurinn setjist í sparisjóðsbók, er sje undir hendi stiptyfirvaldanna, sem svo sendi lántakanda fjed jafnótt og hann hefir unnið jardaþæt-ur þær, sem lánið er tekið til að framkvæma.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

5 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-** **27. jan.** **amtinu um hlunnindi handa sparisjóði Húsavíkur.** — Utaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Húsavíkur, vil jeg enn veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins

í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

5
27 jan.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Staðfesting konungs á viðaukaskipulagsskrá fyrir fastasjóð Landsbókasafnsins í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

6
27. nóv.
(1902)

Skipulagsskráin er þannig:

Viðauka skipulagsskrá
fyrir fastasjóð Landbókasafnsins í Reykjavík.

1.

Eign sjóðsins má framvegis ávaxta á sama hátt, sem fjármuni ómyndugra og eptir þeim reglum, sem gilda um ávöxtun slíkra fjármuna.

2.

Við sjóðinn skal árlega leggja 100 kr.

Stjórn Landsbókasafnsins í Reykjavík, 16. júlí 1902.

Pálmi Pálsson. Eiríkur Briem. Björn Jensson. Þórh. Bjarnarson.
Guðm. Magnússon. Kristján Jónsson. Jón Þorðelsson.